

**Ed.**

**449. Frumvarp**

til laga um afhending á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi nauðsynlegt land undir nýjan kirkjugarð í Reykjavík, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands ákveður í samráði við biskup, hvenær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið og hve mikið.

Ef ekki geta komist á samningur milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum undir nýjan kirkjugarð, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhøllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal taka tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

Til þess að kaupa land undir kirkjugarðinn heimilast stjórninni að verja allt að 10,000 kr.

### 3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í kirkjugarði Reykjavíkur, 2 kr. og 50 aura fyrir börn yngri en 1 árs, en 5 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í sjóð Reykjavíkurdómkirkju.